

**Nr. 131 / 13 Sæberg SU 112****Stjórnvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6588  
Smíðaður: Hafnarfirði 1979 plast  
Stærð: 6,49 brl. 5,57 bt.  
Mesta lengd: 8,53 m Skráð lengd: 8,51 m  
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,64 m  
Vél: Volvo Penta 118 kW 1992  
Fjöldi skipverja: 1



Sæberg ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. ágúst 2013 var Sæberg SU 112 á veiðum um 10 sml austur af Kambanesi. Veður: SV 10-12 m/sek.

Skipstjórinn ætlaði að kippa á veiðisvæðinu en þá virkaði stýrið ekki. Gat hafði komið á glussalögn að stýristjakknum. Bætti hann þá á stýrisdæluna án þess að stýrið virkaði. Hann fékk Vött SU 250, sem lokið hafði veiðum og var á landleið, til að draga sig til Breiðdalsvíkur en þegar komið var fremst í Breiðdalsvíkina slitnaði dráttartógið og lenti í skrúfu Vattar. Rak bátana í átt að grynningum. Óskað var aðstoðar og kom Máni SU, sem var við löndun, út frá Breiðdalsvík ásamt björgunarbátnum Hafdís og drógu báða bátana til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri Sæbergs sagði að gat hefði komið á vökvaslönguna vegna þess að hún hafi legið utan í og nuddast gat á hana. Hann kvaðst hafa þurft að bætt á stýriskerfið þegar fór að stýra illa;
- að slangan var nælonofin glær plastslanga (vatnsslanga);
- að skipstjóri sagðist ekki vita hvenær slangan var sett við búnaðinn en samkvæmt skráningu hafði hann átt bátinn í um það bil ár;
- að dráttartaugin sem slitnaði skaust fram með Vetti og lenti í skrúfu hans. Tógið var nýtt að en hafði sennilega nuddast í sundur á þriggja tíma drætti.

**Nefndarálit:**

Orsök bilunar var gat á vökvakerfi stýris vegna vanhírðu.